



Atvinnuveganefnd Alþingis
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Blönduósi, 2. maí 2019

149. löggjafarþing 2018-2019

Þingskjal 1244 – 784. mál

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi

UMSÖGN

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra hefur kynnt sér fyrirbyggjandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Embættið lætur efnið til sín taka vegna verkefna sinna við veitingu rekstrarleyfa til reksturs veitinga- og gististaða, sbr. 7. gr. laganna, innan umdæmis síns. Með frumvarpinu eru m.a. lagðar til lagabreytingar sem miða að samræmingu á málsmeðferð og ákvörðun sekta vegna skráningarskyldrar heimagistingar annars vegar og rekstrarleyfisskyldrar gististarfsemi hins vegar, í því markmiði að tryggja að sambærileg brot hljóti samskonar meðferð óháð því hvort starfsemin telst vera skráningarskyld eða rekstrarleyfisskyld.

Embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra tekur undir mikilvægi þess að samskonar viðurlagaheimildir séu fyrir hendi hvort heldur sem um er að ræða skráningarskyldan eða rekstrarleyfisskyldan rekstur. Að því sögðu leggur embættið áherslu á að stjórnvöld verði ekki flutt úr héraði í meira mæli en nú þegar er orðið, sérstaklega ekki svo staðbundin stjórnvöld sem eftirlit með rekstrarleyfisskyldri starfsemi er, svo og ákvörðun viðurlaga vegna brota. Athuga verður að sýslumenn, hver í sínu umdæmi, fara með útgáfu rekstrarleyfa og því eðlilegt að rannsóknar- og viðurlagaheimildir séu á höndum hvers og eins embættis heima í héraði. Betur færi á því að embætti það, er nú þegar hefur umsjón með skráningarskyldri heimagistingu svo og viðurlagaákvörðunum vegna brota því tengdu á landsvísu, hefði þess í stað einhvers konar samræmingar- og leiðsagnarhlutverk gagnvart öðrum embættum vegna hinnar rekstrarleyfisskyldu starfsemi. Samvinna ætti sér þannig stað meðal embættanna við

BR OSY




SÝSLUMAÐURINN Á NORÐURLANDI VESTRA


framkvæmd eftirlits og öflun gagna í málum er tengjast brotum í gististarfsemi innan umdæmanna.

Sé það hins vegar einbeittur vilji löggjafans að flytja í síauknum mæli stjórnslu, er byggir á staðarþekkingu og ríkri samvinnu við staðbundin stjórnvöld, úr héraði til eins embættis á landsvísu, er áréttuð nauðsyn þess að hraða smíðum á nýju leyfisveitingakerfi embættanna áður en til þess kemur. Núverandi leyfisveitingakerfi er löngu úrelt og vart nothæft auk þess sem óljóst er hver rekur/þjónustar kerfið. Verður talið að rafrænt eftirlit með gististarfsemi utan umdæmis eftirlitsaðilans verði af þessum sökum ýmsum örðugleikum háð, þ.m.t. vegna vöntunar á miðlægri yfirsýn yfir þá gististaði sem hafa gild rekstrarleyfi á landsvísu.

Virðingarfyllst,


Bjarni G. Stefánsson, sýslumaður




Birna Ágústsdóttir, löglærður fulltrúi